

Alþingi
b.t. nefndasviðs
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 04.05.2018
nr. erindis 201603157/50.13 uvi

**Efni: Umsögn Mosfellsbæjar um frumvarp til laga um málefni aldraðra nr. 125/1999
sbr. 352. mál.**

Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur tekið til umfjöllunar frumvarp til laga um málefni aldraðra (réttur til sambúðar á stofnunum), 352.mál. Umsögn Mosfellsbæjar er eftirfarandi:

Frumvarpinu er ætlað að tryggja hjónum og sambúðarfólki rétt til áframhaldandi samvita þótt annað þeirra þurfi að dveljast til langframa á stofnun fyrir aldraða. Markmið frumvarpsins er að auka sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt hins aldraða, að vinna gegn þvinguðum sambúðarslitum og draga úr þörf fyrir umönnun starfsmanna með mögulega virkari aðkomu maka. Frumvarpið felur í sér mikilvægt mannréttindasjónarmið, en leiðin sem lögð er til með búsetu þess maka/sambúðaraðila sem hressari er á hjúkrunarheimili vekur óhjákvæmilega upp ótal spurningar um hversu heppilegt slíkt form er. Þá má ætla að aðlögunartíminn þar til breytingunum er ætlað að ná fram að ganga (1. janúar 2018) of stuttur í ljósi þeirra fjölmörgu hindrana sem ryðja þarf úr vegi.

Viðvarandi skortur á hjúkrunarrýmum og rekstrarvanda hjúkrunarheimila gefur ekki tilefni til fyrrgreindra breytinga, nema á þeim vanda sé unnið. Fyrirkomulag búsetu maka á hjúkrunarheimili þarf einnig að vera með þeim hætti að tryggt sé að það íþyngi ekki þeim sem ekki er í þörf fyrir þjónustu hjúkrunarheimilisins. Tryggt þarf einnig að vera að hann hafi í einhver hús að venda falli veikari frá makinn frá en sé ekki tilneyddur til að búa áfram á hjúkrunarheimili. Að sama skapi þarf að koma í veg fyrir að sá sem slíkt á við um njóti þjónustu umfram þörf sem stuðlar að fæmiskerðingu, félagslegri einangrun og stendur í vegi fyrir því að þeir sem eru í þörf fyrir þjónustu njóti hennar.

Hærra hlutfall karla flytur inn á hjúkrunarheimili fyrir 80 ára aldur (42% á móti 28% kvenna) og konur bíða lengur eftir hjúkrunarrými en karlar¹. Það eru því meiri líkur á því að konur séu í hópi þeirra einstaklinga sem velja að flytja með maka sínum á hjúkrunarheimili ef frumvarpið yrði að lögum.

Með breytingu reglugerðar um vistunamat hjúkrunarrými í byrjun árs 2008 var gerð viðamikil breyting á framkvæmd mats sem liggur til grundvallar ákvörðun um vistun einstaklinga á hjúkrunarheimilum. Margvíslegar ástæður lágu fyrir breytingunni, m.a. hófðu rannsóknir sýnt að hlutfall tiltölulega sjálfbjarga fólks á hjúkrunarheimilum var mun hærra á Íslandi en í nálægum löndum og meðalvalartími lengri á Íslandi. Ávinningur af breyttu verklagi var fækkun einstaklinga á biðlista eftir hjúkrunarrými,

¹ Lokaskýrsla velferðarráðuneytisins fyrir meginmálaflokk í kynjadrri hagstjórn og fjárlagagerð um aldraða í hjúkrunarrýmum á hjúkrunarheimilum¹ sem gefin var út 19. júní 2014. Sétt 22.04.2016 af http://www.lanclaeknir.is/servelet/file/store93/item27128/Talrakgunnur_juni_2015.pdf

styttri meðaldvalartími einstaklinga á hjúkrunarheimilum² og aukin umönnunarpörf þeirra.

Frá byrjun árs 2010 hefur einstaklingum sem voru á biðlista fyrir hjúkrunarheimili hins vegar fjölgað markvert eða úr 155 í 306 1. maí 2015. Af þeim voru 65% 80 ára og eldri³. Meðalbiðtími í dögum í byrjun árs 2015 voru 170 dagar og hafði þeim fjölgað úr 138 frá árinu áður⁴. Af þessu má sjá að uppbygging á þjónustu við einstaklinga sem eru í þörf fyrir hjúkrun hefur á engan hátt haldið í við þörf fyrir þjónustu. Í kjölfar breytinga á framkvæmd mats á þörf einstaklinga fyrir dvöl á hjúkrunarheimili kom í ljós að þjónusta við langveikt fólk var ekki nægilega öflug og samhæfð.

Breytingar voru gerðar á reglugerð um vistun einstaklinga á hjúkrunarheimilum um mitt ár 2012. Á þeim tímamótum rituðu þáverandi nefndarmenn vistunarmatsnefndar grein (Morgunblaðið 6. nóvember 2012⁵) þar sem fram kom að um 100 einstaklingar áttu í miklum vanda. Um var að ræða einstaklinga með fullnægjandi vitræna getu og hreyfifærni sem þjáðust af þunglyndi, kvíðaröskun eða einmanakennd, fólk sem þarf ekki á þjónustu fullbúins hjúkrunarheimilis að halda, en þarfnast þess öryggis sem fylgdi er í sólarhringsstuðningi og sambýli við annað fólk. Það má geta sér þess til að það hafi einnig fjölgað í þessum hópi undanfarin ár þó að undirrituð hafi ekki undir höndum tölur um fjölda þeirra.


Skortur á úrræðum við fyrrgreinda hópa, annars vegar þá sem sannarlega eru í þörf fyrir hjúkrunarrými og hina sem þurfa meira öryggi og markvissari þjónustu en boðið er upp á í dag til að geta búið áfram við eðlilegt heimilislíf, eru brýn verkefni sem þola vart lengri bið.

Ástæða er til þess að horfa til reynslu tilraunverkefnisins á Hrafnistu í Kópavogi sem getið er um í greinargerð með frumvarpinu, jafnvel þó að það hafi varað stutt. Að mati stjórnenda var fyrirkomulagið ekki heppilegt. Ástæða var talin til að hafa áhyggjur af maka sem flytti inn á heimilið án þess að vera í þörf fyrir svo viðamikla umönnun sem þar er í boði. Beindust þær að því að makinn fengi ekki næga hvíld og að aðstæður drægju úr fæmi hans og stuðlaði að félagslegri einangrun. Vísað var til þess að búseta maka í þjónustu- eða öryggisíbúð tengdri hjúkrunarheimili væri heppilegri þar sem maki ætli þess kost að búa sjálfstætt en geta heimsótt og dvalið hjá maka á hjúkrunarheimilinu í þeim mæli sem hentaði hverju sinni.

Mikilvægt er að styðja fólk til sjálfstæðrar búsetu frekar en að fjölga einstaklingum sem dvelja á stofnunum. Með markvissari uppbyggingu þjónustu- og öryggisíbúða í tengslum við hjúkrunarheimili og aukinni áherslu á að samþætta heilbrigðis- og félagsþjónustu til handa þeim sem þar búa, mætti stuðla að möguleikum maka til búsetu nálægt þeim sem dveldi á hjúkrunarheimili, auk þess sem slíkt gæti lengt möguleika til sjálfstæðrar búsetu utan hjúkrunarheimila.

Beðist er velvirðingar á því að umsógnin barst ekki innan tilskilins umsagnarfrests.

Virðingarfyllt,



Unnur V. Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

² Meðaldvalartími lækkaði úr 3,8 í 2,9 ár á árunum 2008 til 2010. Á tímabilinu 1. nóvember 2015 til 1. mars 2016 var hann 2,71 ár fyrir landið og 2,4 ár á höfuðborgarsvæðinu (skv. upplýsingum Landlæknisembættisins 25.4.16)

³ http://www.landlaeknir.is/servelet/file/stora93/item27128/Talnahrunnur_juni_2015.pdf 1.mars

⁴ Sétt 22.04.2016 af https://www.velferdarrad.meyti.is/heilb_talfraedi/nr/35135

⁵ Sétt 22.04.2016 af

http://timarit.is/view_page_init.jsp?issld=370456&pagale=6031987&lang=is&q=v%20Unnur%20V%20Ing%20F%20sd%20ttir